



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
www.domsmalaraduneyti.is

Laust embætti sérstaks saksóknara

Auglýst er laust til umsóknar embætti sérstaks saksóknara sem veitir forstöðu rannsóknar- og saksóknarembætti skv. lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipar í embættið frá og með 1. janúar 2009 eða svo fljótt sem verða má.

Skulu umsækjendur fullnægja skilyrðum til skipunar í embætti héraðsdómara, að því undanskildu að heimilt er að skipa einstakling eldri en 70 ára. Dómara skal veitt leyfi frá störfum, verði hann skipaður.

Ákvæði laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins um fimm ára skipunartíma og biðlaunarétt taka ekki til hins sérstaka saksóknara, og fellur skipun hans niður þegar embættið verður lagt niður eða það sameinað annarri ríkisstofnun, sbr. ákvæði laga um embætti sérstaks saksóknara.

Vakin skal athygli á því að sú skylda hvílir á hinum sérstaka saksóknara að birta opinberlega upplýsingar um hlutabréfaeign sína í fjármálafyrirtækjum sem aðgerðir stjórnvalda samkvæmt lögum nr. 125/2008 hafa tekið til, skuldir hans við þau, svo og starfsleg tengsl hans, maka og náinna skyldmenna við þá sem sinnt hafa stjórnunarstörfum í umræddum fjármálafyrirtækjum eða þeim stofnunum ríkisins sem rannsókn embættisins beinist að. Sama gildir um önnur atriði sem haft geta áhrif á sérstakt hæfi hins sérstaka saksóknara. Upplýsingar þessar skulu miðast við síðastliðin fimm ár fyrir gildistöku laganna, fjárhæðir sem eru yfir fimm milljónir króna og einnig eignarhluta umfram þá fjárhæð í félögum sem átt hafa hluti í umræddum fjármálafyrirtækjum 1. september 2008.

Umsóknir berist dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Skuggasundi 3, 150 Reykjavík, eigi síðar en 29. desember 2008. Nánari upplýsingar veitir Þorsteinn Geirsson ráðuneytisstjóri í síma 545 9000.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu,

12. desember 2008.